

Fimmtudaginn 30. apríl 1998.

Nr. 398/1997.

Guðlaugur Pálsson

(Gunnar Jóhann Birgisson hrl.)

gegn

Kælismiðjunni Frosti hf.

(Othar Örn Petersen hrl.)

Vinnusamningur. Uppsögn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramennir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 1. október 1997. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða 1.085.263 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. nóvember 1996 til greiðsludags. Hann krefst einnig málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Undir rekstri málsins í héraði greiddi stefndi áfrýjanda 161.861 krónu auk vaxta vegna orlofs á tímabilinu 1. maí 1996 til 30. september sama árs, sem hann viðurkenndi, að áfrýjandi hafði átt inni. Í samræmi við það hefur áfrýjandi fyrir Hæstarétti lækkað upphaflega kröfu sína í málinu sem því nemur.

I.

Svo sem greinir í héraðsdómi, sagði áfrýjandi upp starfi sínu hjá stefnda með bréfi 23. september 1996. Af því tilefni ritaði framkvæmdastjóri stefnda honum bréf 26. sama mánaðar. Í upphafi þess var tekið fram, að upplýsingar hefðu borist um, að áfrýjandi hygðist ásamt öðrum stofna félag, sem myndi starfa í samkeppni við stefnda. Væri því ekki óskað eftir nærveru áfrýjanda á vinnustöðum stefnda og honum auk þess óheimilt að koma fram fyrir hönd stefnda á nokkurn hátt. Í bréfinu var þess jafnframt krafist, að unnt yrði að leita til áfrýjanda á vinnutíma með sérverkefni eða fyrirspurnir, á meðan stefndi greiddi honum laun. Var athygli vakin á, að brot á trúnaðarskyldu starfsmanna gæti leitt til stöðvunar á launagreiðslum vegna brostinna forsendna. Af bréfi stefnda verður

jafnframt ráðið, að áfrýjandi hafi þá þegar skilað öllum gögnum og öðrum eignum stefnda, sem hann hafði í vörslu sinni. Málsaðilar deila ekki um, að réttur áfrýjanda til launa hafi miðast við þriggja mánaða uppsagnarfrest. Var stefnda heimilt að setja þessa skilmála um starfslok áfrýjanda, sem gerði ekki athugasemdir við þá.

Áfrýjandi var meðal fjögurra stofnenda Frostmarks ehf. 30. september 1996, en samkvæmt stofnsamningi var tilgangi félagsins lýst að verulegu leyti með sama hætti og tilgangi stefnda er lýst í stofnsamningi þess félags. Var áfrýjandi jafnframt kosinn í stjórn og ráðinn framkvæmdastjóri sama dag. Með bréfi stefnda 16. október 1996 var honum tilkynnt, að vegna þessa yrðu honum ekki greidd frekari laun.

II.

Meðal gagna málsins er kynningarbréf Frostmarks ehf. 4. desember 1996, sem ráða má, að hafi verið dreift til þeirra, sem félagið vildi ná viðskiptum við. Er ómótmælt, að bréfið hafi meðal annars verið sent einhverjum viðskiptamanna stefnda, en undir bréfið er nafn áfrýjanda ritað fyrst í upptalningu nokkurra manna. Hafa forráðamenn stefnda borið, að í kjölfarið hafi að minnsta kosti fjórir nafngreindir viðskiptamenn félagsins beint viðskiptum sínum til Frostmarks ehf. í stað stefnda áður. Hefur jafnframt verið sýnt fram á, að áfrýjandi hafi einnig með öðrum hætti starfað síðustu þrjá mánuði ársins 1996 fyrir Frostmark ehf., sem var í samkeppni við stefnda.

Að þessu virtu verður fallist á, að gerðir áfrýjanda eftir 30. september 1996 í tengslum við stofnun og starfsemi Frostmarks ehf. hafi verið ósamrýmanlegar þeim trúnaðarskyldum, sem hann enn bar gagnvart launagreiðanda sínum þrátt fyrir uppsögn vinnusamningsins. Þá verður að telja, að vegna starfa áfrýjanda í þágu keppinautar stefnda hafi hann ekki getað nýtt sér rétt sinn til að leita til áfrýjanda um vinnuframlag til loka uppsagnarfrests. Verður hinn áfrýjaði dómur samkvæmt því staðfestur. Skal áfrýjandi jafnframt greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem verður ákveðinn, eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Guðlaugur Pálsson, greiði stefnda, Kælismiðjunni Frosti hf., 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 2. júlí 1997.

Ár 1997, miðvikudag 2. júlí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er af Allani Vagni Magnússyni héraðsdómara í Dómhúsinu við Lækjartorg, kveðinn upp dómur í málinu nr. E-6302/1996: Guðlaugur Pálsson gegn Kælismiðjunni Frosti hf.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. júní sl., er höfðað með stefnu, birtri 13. desember 1996.

Stefnandi er Guðlaugur Pálsson, kt. 290555-7449, Rauðalæk 37, Reykjavík.

Stefndi er Kælismiðjan Frost hf., kt. 711293-3889, Fiskislóð 125, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 1.247.124 krónur með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af þeirri fjárhæð frá 1. nóvember 1996 til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist, að dráttarvextir leggist árlega við höfuðstól, fyrst 1. nóvember 1997.

Þá er krafist málskostnaðar að mati réttarins og að málskostnaðarfjárhæð beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómkröfur stefnda eru þær, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda.

Málsatvik.

Stefnandi var einn af stofnendum Kælismiðjunnar Frosts hf., varamaður í stjórn félagsins og framkvæmdastjóri þess þar til um áramót 1994/1995. Varð hann þá þjónustustjóri félagsins. Stefnandi vann hjá stefnda, allt þar til hann sagði upp störfum hjá félaginu með bréfi, dagsettu 23. september 1996. Með bréfi stefnda, dagsettu 26. september 1996, var stefnanda tilkynnt, að ekki væri óskað eftir vinnuframlagi hans í uppsagnarfresti og að úppgerð laun og önnur hlunnindi yrðu gerð upp í samræmi við gildandi réttarreglur á viðkomandi sviði. Einnig var athygli stefnanda vakin á því, að honum væri óheimilt að koma fram í nafni stefnda á nokkurn hátt eða nýta sér með nokkrum hætti þá sérhæfðu vitneskju, sem hann hafði öðlast í vinnu fyrir stefnda. Þess var enn fremur krafist, að unnt yrði að leita til hans á vinnutíma með sérverkefni eða fyrirspurnir, á meðan stefndi greiddi

honum laun. Með bréfi, dagsettu 16. október 1996, tilkynnti stefndi stefnanda, að hann myndi ekki greiða stefnanda frekari laun, þar sem forsendur fyrir vinnuréttarsambandi aðila væru brostnar, með því að stefnandi væri orðinn með í stofnun nýs fyrirtækis, Frostmarks ehf., 30. september 1996.

Málsástæður stefnanda.

Stefnandi var einn af stofnendum Kælismiðjunnar Frosts hf., en félagið var stofnað með stofnsamningi, dagsettum 29. desember 1993. Stefnandi vann áður hjá Eignarhaldsfélagi KS hf., sem hafði sambærilegan rekstur með höndum, en allur rekstur og eignir þess félags fluttust til Kælismiðjunnar Frosts hf. samkvæmt sérstöku samkomulagi, sem fram kemur í stofnsamningi frá 29. desember 1993. Í samkomulaginu var einnig tekið fram, að ráðningarsamningar allra starfsmanna Eignarhaldsfélags KS hf. flyttust yfir til Kælismiðjunnar Frosts hf. Stefnandi vann hjá Kælismiðjunni Frosti hf., allt þar til hann sagði upp störfum hjá félaginu með bréfi, dagsettu 23. september 1996.

Stefnandi skírskotar til þess, að með bréfi, dagsettu 26. september 1996, hafi stefnanda verið tilkynnt, að ekki væri óskað eftir vinnuframlagi hans í uppsagnarfresti og að óuppgerð laun og önnur hlunnindi yrðu gerð upp í samræmi við gildandi réttarreglur á viðkomandi sviði. Stefnandi segist margsinnis hafa kafið Kælismiðjuna Frost hf. um greiðslu launa á uppsagnartíma og orlofs, en án árangurs. Um er að ræða ógreidd laun fyrir tímabilið 1. október til 31. desember 1996 auk ógreidds orlofs í níu daga fyrir orlofstímabilið 1. maí 1995 til 30. apríl 1996 og í átján daga fyrir orlofstímabilið 1. maí 1996 til 31. desember 1996, alls 27 daga. Nánari sundurliðun kröfu stefnanda er sem hér segir:

Laun v/okt. 1996	kr.	311.781
Laun v/nóv. 1996	–	311.781
Laun v/des. 1996	–	311.781
Orlof	–	311.781
Samtals		kr. 1.247.124

Stefnandi telur, að þar sem ljóst sé, að stefndi ætli ekki að standa við vinnuréttarlegar skuldbindingar sínar, sé lítið svo á, að krafan sé öll í gjald-daga fallin. Stefnandi reisir kröfur sínar á almennum reglum vinnuréttar, lögum nr. 19/1979 um uppsagnarfrest, lögum nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og lögum nr. 30/1987 um orlof. Auk þess vísar hann til reglna kröfu- og samningaréttar um greiðslu fjárskuldbindinga. Þá er vísað til laga nr. 19/1991 um meðferð einkamála. Kröfu um dráttarvexti og vaxtavexti

styður stefnandi reglum III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 og kröfu um málskostnað 1. mgr. 130. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð einkamála.

Málsástæður stefnda.

Stefndi styður kröfu sína um sýknu í fyrsta lagi því, að forsendur greiðslna í uppsagnarfresti hafi brostið, þar sem stefnandi hafi stofnað og hafið störf hjá samkeppnisfyrirtækinu Frostmarki ehf. á uppsagnartíma. Ein af höfuðskyldum launþega í vinnuréttarsambandi sé að halda trúnað við vinnuveitanda sinn. Laun séu greiðsla fyrir vinnu í þágu atvinnurekanda. Þegar svo sé komið, að launþegi starfi í samkeppni við vinnuveitanda, hafi forsendur launagreiðslna brostið. Í þessu sambandi bendir stefndi á m. a., að starfsmönnum stefnda hafi verið boðið starf hjá Frostmarki ehf. og þrír starfsmenn stefnda hafið störf þar.

Stefndi telur það ekki geta samrýmst trúnaðarskyldu starfsmanns að gera atvinnuveitanda að greiða mönnum laun, á meðan þeir starfa við stofnun og rekstur samkeppnisfyrirtækis.

Enn fremur telur stefndi, að stefnandi hafi hagnýtt sér vitneskju um atvinnuleyndarmál stefnda, meðan á ætluðum uppsagnarfresti stóð. Viðskiptalisti stefnda hafi verið notaður við útsendingu kynningardreifibréfs Frostmarks ehf., og tilraunir hafi verið gerðar til að komast inn í þá samninga, sem stefndi hafði gert við viðskiptavinum sínum. Einnig hafi starfsmönnum stefnda verið gert tilboð um að vinna fyrir hið nýja fyrirtæki. Stefndi heldur því einnig fram, að um mjög alvarlegt trúnaðarbrot stefnanda hafi verið að ræða, sem réttlættu stöðvun á launagreiðslum honum til handa í ætluðum uppsagnarfresti.

Stefndi bendir einnig á, að stefnandi hafi sjálfur sagt upp störfum hjá stefnda. Leiði sú staðreynd til þess, að minna þurfi til að koma, ef nokkuð, til þess að stefnandi fyrirgeri rétti sínum til launa í uppsagnarfresti.

Þá miðar stefndi sýknukröfu sína við það, að þótt litið verði svo á, að stefnandi eigi kröfu á stefnda vegna vangoldinna launa, verði einungis að líta á slíka kröfu sem skaðabótakröfu. Allar þær greiðslur, sem urðu til þess að takmarka tjón hans, koma því til frádráttar.

Kröfu stefnanda um orlof á tímabilinu 1. október til 31. desember 1996 svarar stefndi með því, að þar sem stefnandi eigi ekki kröfu um laun á uppsagnartímabilinu, eigi hann ekki kröfu um orlof á þeim tíma. Til vara í þessu sambandi bendir stefndi á, að orlof sé áunninn réttur til að vera í fríi á launum, en stefnandi hafi verið í fríi þegar frá 26. september 1996. Því myndi viðurkenning á orlofskröfu hans fyrir það tímabil í raun leiða til lengri uppsagnarfrests.

Stefndi hafi greitt stefnanda hinn 31. janúar 1997 orlof fyrir tímabilið 1.

maí 1996 til 30. september 1996, sem hann viðurkenni, að stefnandi hafi átt inni hjá stefnda. Var það greitt með dráttarvöxtum frá 26. september 1996. Í ljósi þessa er þess krafist, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Kröfu stefnanda til orlofs fyrir tímabilið 1. maí 1995 til 30. apríl 1996 er í fyrsta lagi mótmælt sem ósannaðri. Stefndi heldur því fram, að stefnandi hafi ekki átt inni orlof fyrir umrætt tímabil, þar sem hann hafi verið búinn að taka allt sitt orlof og ekki verið beðinn um að flytja orlof sitt á milli orlofsára. Til vara er því haldið fram, að sú krafa sé fallin niður, þar sem orlofi skuli alltaf lokið fyrir lok orlofsárs og flutningur orlofslauna milli orlofsára sé óheimill. Til þrautavara er því haldið fram, að umrædd krafa sé fallin niður fyrir tómlæti, þar sem stefnandi gerði ekki athugasemd um, að hann ætti inni orlof, fyrr en með innheimtubréfi, dagsettu 7. nóvember 1996, og áhrif tómlætis eru rík í vinnurétti.

Stefndi mótmælir einnig sérstaklega vaxtakröfu stefnanda. Ef fallist verður á þá málásátæðu stefnda, að líta beri á kröfu stefnanda sem skaðabóta-kröfu, er minnt á, að ætlað tjón hafi ekki verið fram komið fyrr en við áramót 1996/1997. Krafa stefnanda eigi því ekki að bera dráttarvexti fyrr en frá þeim tíma. Ef hins vegar verði litið svo á, að um launakröfu sé að ræða, er vísað til þess, að gjalddagi launagreiðslna sé fyrsti dagur mánaðar, eftir að mánuði lýkur, sem laun eru greidd fyrir, sbr. og fram lagðan launaseðil. Verði krafa stefnanda viðurkennd, eigi hún eingöngu að bera dráttarvexti að hluta frá 1. nóvember 1996, en aðrir hlutar hennar eigi að bera dráttarvexti frá 1. desember 1996 og 1. janúar 1997. Loks skuli orlofsgreiðslur ekki bera dráttarvexti fyrr en 15. september 1997 í samræmi við 4. gr. orlofslaga nr. 30/1987 og 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Stefndi styður mál sitt almennum reglum vinnuréttar og samningaréttar um brostnar forsendur. Einnig vitnar hann til laga nr. 19/1979, einkum 1. gr. þeirra. Þá er skírskotað til 2. mgr. 27. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og orlofslaga nr. 30/1987, einkum 3. gr., 4. gr. og 13. gr. þeirra. Loks er bent á vaxtalög nr. 25/1987, einkum 9. gr. og 15. gr. þeirra. Vegna málskostnaðar er vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 129. gr. og 130. gr. laganna.

Forsendur og niðurstaða.

Stefnandi sagði upp störfum hjá stefnda með bréfi, dagsettu 23. september 1996, án þess að tilgreina ástæður. Í skýrslu sinni hér fyrir dómi kvað hann það hafa stafað af óánægju sinni með störf stjórnar Kælismiðjunnar Frosts hf. Stefndi sendi stefnanda bréf 26. september og lofaði að gera upp ógreidd laun á uppsagnartíma, en jafnframt var óskað eftir, að stefnandi

yrði til taks vegna sérverkefna og fyrirspurna, meðan á uppsagnartíma stæði. Í þessu sama bréfi var stefnandi minntur á, að brot á trúnaðarskyldu starfsmanns gæti leitt til stöðvunar launagreiðslna vegna brostinna forsendna.

Fyrir dóminum liggur stofnfundargerð Frostmarks ehf. frá 30. september 1996, en þar kemur fram, að stefnandi var kjörinn í stjórn fyrirtækisins og jafnframt ráðinn framkvæmdastjóri með prókúru á stofnfundi fyrirtækisins 30. september 1996.

Þær aðstæður höfðu skapast eftir stofnun Frostmarks ehf., að forsvarsmenn stefndu gátu ekki leitað til stefnanda um framlag skv. bréfinu frá 26. september 1996, með því að stefnandi var þá þegar skráður framkvæmdastjóri Frostmarks ehf. og var auk þess í stjórn þess félags og enn fremur stofnfélagi, en ljóst má vera, að það félag yrði í samkeppni við stefnda. Var því ekki lengur trúnaðarsamband það, sem forsvarsmaður stefndu áskildi stefnda í nefndu bréfi.

Verður því að líta svo á, að stefnandi hafi með aðgerðum sínum orðið þess valdandi, að stefndi hafði réttmæta ástæðu til að hafna vinnuframlagi hans, og verður fallist á það með stefnda, að forsendur launagreiðslna til stefnanda hafi verið brotnar.

Verður stefndi samkvæmt þessu sýknaður af öllum kröfum stefnanda, og eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda 85.000 krónur í málskostnað.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Kælismiðjan Frost hf., skal sýkn af kröfu stefnanda, Guðlaugs Þórs Pálssonar.

Stefnandi greiði stefnda 85.000 krónur í málskostnað.